

BORGARRÁÐ 16. mars 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands um staðsetningu og nýtingu eftirlitsmyndavéla - MSS23030132

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er fjallað um eftirlitsmyndavélar og rafvæna vöktun. Slík vöktun fer m.a. fram á almannafæri. Fulltrúi sósíalísta spyr: Hvaða svæði í borginni eru vöktuð með slíkum hætti? Óskað er eftir upplýsingum um staðsetningu eftirlitsmyndavéla. Hverjir hafa aðgang að myndefninu sem verður til vegna vöktunar? Í hvaða tilgangi hefur myndefnið verið notað? Hvernig kringumstæður þurfa að vera til staðar svo að myndefni sé skoðað og hvaða aðferðir er þá stuðst við þegar myndefni er skoðað og unnið er með það? Hvaða aðferðir eru leyfilegar í þessu samhengi? Hér er einungis verið að spyrja út í verklagsreglur vegna eftirlitsmyndavéla á almannafæri en ekki á vinnustöðum borgarinnar. Einnig er spurt út í gerð myndavéla, þ.e.a.s. hvernig myndavélar eru notaðar og frá hvaða framleiðanda? Einnig er óskað eftir fjölda eftirlitsmyndavéla sem eru á almannafæri í borginni.